

Stjórnarfundur 6. 7.10.2019

Mættir eru Bjarni, Ómar, Gunnar, Sigurður, Stefán, Björn, Guðný.

-Búa til tosalista fyrir viðburði í Hlíðasmára.

-Gunnar nefnir hvort nauðsynlegt sé að vera með öryggiskerfi í Hlíðasmára, fundarmenn eru á því að það sé nauðsynlegt. En fundarmenn eru samt á því að það mætti fara yfir kerfið og aftengja hurðarskynjara.

-Síðasta fundargerð lesin upp og samþykkt.

-Óskað er eftir formlegu samþykki fyrir októberfest, kostnaður losar 100.000kr. Allir sammála þessu.

-Bjarni kynnir nýkeyptan lykklaskáp sem settur verður upp í Hlíðasmára og í honum verða ALLIR lykklar.

-Posi á Esjumelum kostar okkur um 70.000kr á og varahlutasala síðasta árs var um 90.000. Stjórn er því samþykkt að skila einum posa og halda einum.

-Þjónusta Firingar ehf með meindýravarnir á Esjumelum sem kostað hefur okkur rúm 18.000kr á mánuði hefur verið sagt upp og sjáum við framvegis um þetta sjálf. Bjarni er búin að kaupa 12 einnota gildir og koma þeim fyrir inni.

-Búið er að henda tveimur gámum af Esjumelum, einn fór í Hringrás fullur af járn og hinn var gefin Bjarna á Þurrstöðum. Til stendur að henda öðrum gám þegar hann hefur verið fylltur af járnarusli.

-Bjarni fer að tala um gaffallyftara sem staðsettur á Esjumelum, hann er bilaður og hvað ætti að gera í því. Allir eru þeir sammála að koma honum út úr okkar rekstri. Tala verður við Þorgeir og Kjartan og þeir spurðir hvort þeir vilja eiga hann, annars má hann fara.

-Bjarni kynnir okkur fyrir því að við höfum eignast stóra loftpressu og planið er að koma henni upp í gám og leggja loft lagnir á milli húsa.

-Bjarni leggur það til að við förum í það að setja upp brunaslöngur upp á Esjumelum, hugsanlega er hægt að fá þær notaðar. Allir eru sammála því að gera þetta.

-Umræður um sumarstæðum á Esjumelum. Bjarni leggur til að við afleggjum sumarstæðum. Allir eru sammála því að þessu er lokið og það verði ekki boðið upp á þetta framar.

-Tillaga um breytingar á reglum um bíla í geymslum á Esjumelum, þar að segja þegar 3 mánuðir eru komnir í vanskil þá verði bill settur út. Allir eru sammála því að gera þetta svona.

-Ómar segir okkur að lítið sé um vanskil, þetta er í þokkalegu standi.

-Bjarni fer að ræða um nýja pressu fyrir bílnúmersmíði. Hafþór segir okkur að rafmanspressa sé til fyrir núverandi pressu.

-Bjarni segir að karsher sópur kosti rúm 100.000kr., allir eru sammála því.

-Kvennarúnturinn gleymdist, smá klúður.

-Bjarni gerir tillögu að við semjum við netþjónufyrirtæki um að fá sjónvarpsmóttakara, Gunnar tekur það sér.

-Þorablót, Ómar kannar með það. Helst að fá allt klárt, mæta snæða og fara.

-Bjarni spyr hver tæmði glerskáp, Guðný veit það-Jói Bílasmiður átti þetta dót og tók það.

-Bjarni segir okkur að Garðar fyrirverandi formaður nefndar fór á Esjumela og sótti þar loftpressu og kefli.

Stjórn er sammála því að merkja þarf skilmerkilega alla hluti sem klúbburinn geymir og EKKI er í eigu FBI, annars líta menn á það að klúbburinn eigi viðíkomandi hlut.

Mættur er til fundarinnar Haraldur Örn Arnarson til umræðna um nýja heimasíðu, línunni er Björgvin Valentínus.

-Halli sýnir okkur innri stýringu á síðu prentmets, hún virðist vera mjög notendavænt og þægilegt í notkun.

-Stjórnarliðar ræða þetta mál, og spyrja Björgvin um ýmis mál.

-Ómar spyr hverslags tíma tekur tekur að gera svona, Björgvin telur að þetta taki um mánuð að snikka til grunninn að heimasíðunni.

-Bjarni spyr hvernig gengi að færa efni á milli síðna, Björgvin telur það vera meira handvirkt fyrirkomulag.

-Verðtilboð frá Björgvin er 235.000kr.

-Ferlið er þannig að hann byrjar á því að setja fram tillögu og við skoðum það svo er unnið.

-Samþykkt í stjórn að fara í að smíða nýja heimasíðu.

Fundi slitið kl.21.44